

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 166/1987. **Eliás Rúnar Sveinsson**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík**

**f.h. borgarsjóðs**

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Ípróttaiðkun. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. apríl s.á., samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.568.951,00 krónu með 42% ársvöxtum frá 29. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 12. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 8. mars 1988, en með dráttarvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara að sér verði aðeins gert að

bæta tjón áfrýjanda að hluta og verði þá málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

## I.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt fram örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 8. þ.m. þar sem honum reiknast að á slysdegi nemi höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps áfrýjanda vegna tímabundinnar örorku 95.700,00 krónum og 1.613.100,00 krónum vegna varanlegrar örorku.

Áfrýjandi hefur sundurliðað dómkröfur sínar fyrir Hæstarétti þannig:

Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr. 95.700,00
Bætur vegna varanlegrar örorku	kr. 1.613.100,00
	<hr/>
	kr. 1.708.800,00

Frá þeirri fjárhæð dregur áfrýjandi vegna skattfrelsis 4,57% og vegna hagræðis af eingreiðslu 8%	kr. 214.797,00
	<hr/>
	kr. 1.494.003,00

Miskabætur	kr. 250.000,00
	<hr/>
	kr. 1.744.003,00

Frá þeirri fjárhæð dregur áfrýjandi greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins o.fl.	kr. 175.052,00
	<hr/>

Fjárhæð dómkröfu	kr. 1.568.951,00
------------------	------------------

## II.

Reykjavíkurborg lét útbúa umrætt húsnæði til æfinga frjálsra íþróttanna og leigði það íþróttafélögum til afnota fyrir félagsmenn þeirra. Samkvæmt því sem upplýst er í málinu virðist umsjón með húsnæðinu og afnotum þess hafa verið í höndum starfsmanna borgarinnar á staðnum. Húsnæðið hefur einkum verið ætlað fyrir frjálsíþróttamenn, sem stunda keppni á opinberum mótum, til æfinga inni við eftir að völlum hefur verið lokað á haustin. Hafði áfrýjandi lengi staðið framarlega í hópi þeirra manna, þegar slysið

varð. Er því ekki haldið fram af hálfu stefnda, að vöð hafi verið á öðru hentugu húsnæði til þeirra æfinga, sem hér var um að ræða.

Ágreiningslaust er með aðilum að um langan tíma hafi gætt leka úr lofti salarins þegar úrkoma var eða þíða eftir frost eða snjókomu. Verður að telja að hætta hafi verið samfara því að stunda æfingar þarna þegar bleyta var á gólfinu, jafnvel þótt íþróttamenn hafi notað gaddaskó svo sem áfrýjandi gerði er slysið varð. Var brún ástæða fyrir starfsmenn stefnda að vara íþróttamenn við þegar lak úr loftinu og koma í veg fyrir að bleyta væri á gólfinu þegar íþróttamenn stunduðu æfingar. Starfsmaður stefnda sá er var við gæslu á þessum tíma kveðst hafa verið búinn að þurrka upp vatn sem lekið hafði á gólfið áður en æfing hófst og skilið eftir gólfklút á bleytustaðnum. Ekki kveðst hann hafa varað áfrýjanda og þá sem með honum voru sérstaklega við bleytunni. Hafa þeir neitað að hafa orðið varir við fötu eða gólfklút þarna. Verður að telja ósannað að starfsmaður stefnda hafi gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slys hlytist af bleytu á gólfi salarins í umrætt sinn. Fallast má á það með áfrýjanda að rekja megi slysið til bleytunnar. Þykir stefndi því verða að bera fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda af völdum slyssins.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hafði áfrýjandi stundað æfingar í húsnæði þessu um árabil og kvað hann allan þann tíma hafa borið á leka, og hafi ekki þurft rigningu til. Hann hafi þó ekki orðið var við bleytu í umrætt sinn fyrr en slysið varð, né heldur fyrr á því hausti. Þeir tveir íþróttamenn sem með áfrýjanda voru þarna við æfingar kveðast báðir hafa orðið varir við bleytu er þeir komu í salinn og annar þeirra, þjálfari hinna tveggja, kveðst hafa þurrkað upp bleytu af gólfinu. Verður samkvæmt þessu að telja að áfrýjandi hafi mátt verða var við bleytu á gólfinu og hafi honum því borið að sýna sérstaka aðgæslu við æfingar sínar. Þykir hann ekki hafa sýnt af sér þá aðgát sem af honum mátti krefjast í umrætt sinn og verði því að bera tjón sitt að nokkru leyti sjálfur.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir hæfilegt að stefndi bæti áfrýjanda helming tjónsins, en sjálfur beri hann tjón sitt að hálfu.

Þegar tekið er tillit til skattfrelsis bóta, hagræðis af eingreiðslu og greiðslu sem áfrýjandi hefur fengið þykir örorkutjón áfrýjanda

hæfilega metið 1.000.000,00 krónur og miski 100.000,00 krónur. Verður stefnda því gert að greiða áfrýjanda 550.000,00 krónur með vöxtum eins og í dómsorði segir, enda tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi eftir uppsögu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 130.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, á að vera óraskað. Stefndi greiði 161.634,00 krónur í málskostnað í héraði er renni til ríkissjóðs.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði áfrýjanda, Elíasi Rúnari Sveinssyni, 550.000,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 29. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 12. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 8. mars 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga nr. 25/1987 eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Stefndi greiði 161.634,00 krónur í málskostnað í héraði er renni í ríkissjóð.

Stefndi greiði áfrýjanda 130.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## S é r a t k v æ ð i

### Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel ekki skipta máli um bótaábyrgð stefnda hvort íþróttamenn, sem æfingar stunduðu í æfingasalnum, gerðu það til undirbúnings keppni á opinberum mótum, né heldur hversu góðum árangri áfrýjandi hafði náð í íþróttagreinum þeim sem hann æfði.

Með þessari athugasemd er ég sammála niðurstöðu meirihluta dómara.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1986.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. september sl., hefur Elías Rúnar Sveinsson, 1938-9324, Þórufelli 16 Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 7. nóvember 1985 á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f.h. borgarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna slyss er hann varð fyrir við íþróttæfingu í húsakynnum stefnda í Laugardal.

Stefnandi er fæddur 10. janúar 1952, húsasmiður að atvinnu.

Þann 29. nóvember 1982 var hann að æfa grindahlaup í æfingasal undir áhorfendastúku í Laugardal sem mun vera nefndur Baldurshagi. Klukkan 19:00 hrasaði hann í bleytu á hlaupabraut þannig að vinstri fótur hans snerist. Gert var samdægurs að meiðslum hans á slysaðeild Borgarsjúkrahússins, og var hann þar til 4. desember 1982. Hann var talinn óvinnufær til 12. júní 1983. Liðbönd og vöðvar í fætinum reyndust slitin og liðþófar rifnir. Vegna taugaskemmda lamaðist hann þannig að hann verður að nota sérstakan spelkubúnað við vinstri ökklið. Áður en hann slasaðist hafði hann lengi stundað íþróttir og m.a. níu sinnum orðið Íslandsmeistari í tugþraut. Samkvæmt mati Björns Önundarsonar læknis hlaut stefnandi 100% örorku í 6½ mánuð, eftir það 65% í 3 mánuði og varanlega 35%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur þann 9. þ.m. metið höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps stefnanda miðað við slysdag, og reyndist tímabundin örorka að fjárhæð kr. 95.700,00 en varanleg 1.127.600,00 eða samtals kr. 1.223.300,00.

Þann 3. janúar 1985 veitti dóms- og kirkjumálaráðuneytið stefnanda gjafsókn.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,00 með 42% ársvöxtum frá slysdegi 29.11. 1982 til 20.9. 1983, með 35% ársvöxtum frá 21.9. 1983 til 20.10. 1983, með 32% ársvöxtum frá 21.10. 1983 til 20.11. 1983, með 27% ársvöxtum frá 21.11. 1983 til 20.12. 1983, með 21,5% ársvöxtum frá 21.12. 1983 til 20.1. 1984, með 15% ársvöxtum frá 21.1. 1984 til 12.8. 1984, með 17% ársvöxtum frá 13.8. 1984 til 31.12. 1984, með 24% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 10.5. 1985, með 22% ársvöxtum frá 11.5. 1985 til 28.2. 1986, með 12% ársvöxtum frá 1.3. 1986 til 31.3. 1986, með 9% ársvöxtum frá 1.4. 1986 til 9.9. 1986, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, þ.m.t. alls gagnaöflunarkostnaðar, allt skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

Skadabætur	kr. 2.750.000,00
Miskabætur	kr. 250.000,00
	<hr/>
	kr. 3.000.000,00

Stefnandi viðurkennir að kröfur sínar eigi að lækka um kr. 175.052,00 vegna greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins o.fl.

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar, en til vara að sök verði skipt, stefnukröfur stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Óumdeilt er að bleyta sem var á hlaupabrautinni stafaði af þakleka. Stefnandi reisir kröfur sínar á því að orsakir slyssins verði einungis raktar til vanbúnaðar íþróttabyggingarinnar og gáleysis umsjónarmanns stefnda. Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennu skaðabótareglunni og reglum um húsbóndaábyrgð.

Aðalkrafa stefnda er á því byggð að hann beri enga ábyrgð á slysi stefnanda, hvorki samkvæmt almennu skaðabótareglunni né öðrum bótareglum. Því er sérstaklega andmælt að búnaður íþróttahússins hafi verið stefnda saknæmur eða starfsmenn og forráðamenn stefnda sýnt af sér saknæma vanrækslu sem valdið hafi slysinu. Jafnframt er aðalkrafan þeim rökum studd að stefnandi hafi firrt sig hugsanlegum bótarétti með því að taka á sig áhættu af slysinu, en hann hafi æft grindahlaup í íþróttahúsinu vitandi um bleytu á gólfinu og hættu á bleytumyndun á hlaupabrautunum. Stefnandi telur að ekki sé hægt að sakast við umsjónarmann hússins, þar sem hann hafi þurrkað af gólfinu áður en stefnandi og félagar hans hófu æfingar. Stefnandi bendir sérstaklega á að úrbætur hafi verið reyndar án árangurs

þannig að borgaryfirvöld hafi gert allt sem ætlast mátti til af þeim til að stöðva lekann. Hann telur ósaknæmt að leyfa fullorðnum og reyndum íþróttamönnum, sem var kunnugt um lekann, að æfa sig í húsinu. Varakrafan er byggð á því að stefnandi verði að bera meginhluta tjonssins sjálfur vegna eigin gáleysis og áhættutöku. Stefnufjárhæðum er andmælt sem allt of háum og órókstuddum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og vitni hafa verið leidd. Í skýrslu stefnanda kom fram að hann hefði stundað æfingar í húsinu frá árinu 1970 og að allan þann tíma hefði borið á leka, einkum í vætutíð. Svo virðist sem æfingar hafi einungis farið fram innanhúss á vetrum og tilraunir verið gerðar til að stöðva lekann á sumrum. Æfingar innanhúss voru nýhafnar þegar slysið varð og telur stefnandi sig ekki hafa vitað til að læki þá um haustið eftir viðgerðir sem reyndar höfðu verið um sumarið. Æfingarnar fóru fram á vegum Knattspyrnufélags Reykjavíkur sem greiddi stefnda fyrir afnot af húsinu. Tími K.R. hófst kl. 17:00 þennan dag, en stefnandi og félagar hans tveir virðast hafa hafið æfingar eitthvað seinna. Umsjónarmaðurinn telur sig hafa þurrkað af gólfinu áður en æfingarnar hófust. Hann segir fötu hafa verið undir lekastað á hlaupabraut við hlið þeirrar brautar sem stefnandi var á er slysið varð, og kveðst hafa sett þar tvær þurrkur til að þurrka af gólfinu og taka við bleytu. Tveir íþróttamenn voru við æfingarnar með stefnanda. Kannast hvorki þeir né stefnandi við að gólfklútar eða fata hafi verið við lekastaðinn þegar þeir hófu æfingar. Stefnandi telur sig ekki hafa orðið varan við bleytu eða leka við upphaf æfinganna og segist einskis hafa orðið var í því efni fyrr en hann hrasaði. Umsjónarmaðurinn varaði íþróttamennina ekki sérstaklega við og engin aðvörunarskilti voru höfð uppi. Íþróttamennirnir sem með stefnanda voru kveðast báðir hafa orðið varir við bleytu er þeir komu í salinn, og annar þeirra, þjálfari hinna tveggja, kveðst hafa þurrkað upp bleytu.

Dómarinn hefur gengið á vettvang með umboðsmönnum aðila og athugað aðstæður. Salurinn sem æft var í er undir áhorfendastúku íþróttavallarins. Undir hallandi gólfi stúkunnar er mikið rými án útveggja og myndar gólfplata þess loft æfingasalarins. Þegar rignir inn undir stúkuna eða snjór bráðnar þar vill vatn leita gegnum plötuna þar sem lát er á henni og drýpur það þá niður á gólf æfingasalarins. Samkvæmt gögnum málsins þykir mega byggja á því að salurinn hafi verið notaður til íþróttæfinga á vetrum allt frá árinu 1962 og allan tímann lekið meira og minna. Hin ýmsu íþróttafélög borgarinnar hafa fengið tíma í salnum og greitt gjald fyrir. Árið 1975 var sett sérstakt gúmmiefni á salargólfið. Efni þetta er nú orðið yfirleitt ekki notað utanhúss, þar sem það er talið heldur hált í bleytu, en hægt er að nota gaddaskó með allt að 6-7 mm göddum við æfingar á því. Þegar veður var viðsjárvert virðist umsjónarmaður jafnan hafa farið yfir salargólfið og

þurrkað upp bleytu áður en íþróttæfingar hófust og sömuleiðis virðast íþróttamennirnir sjálfir og einkum þjálfarar þeirra hafa hugað að bleytu við slíkar aðstæður og annaðhvort þurrkað sjálfir upp af gólfinu eða kallað á umsjónarmann. Síðan urðu menn að gæta vel að sér ef búast mátti við að læki meðan á æfingu stóð. Töluvert virðist hafa verið gert til að stöðva leka eða draga úr honum með því að leggja vatnspétt efni yfir verstu leka-staðina, en til að komast örugglega fyrir meinið mun þurfa að leggja sérstakt rakapétt lag yfir plötuna og steypa síðan yfir með sérstakri steinsteypu. Þessi aðgerð er álitin munu kosta margar milljónir króna, og nægileg fjárframlög hafa enn ekki fengist til þess verks.

Alkunna er að íþróttamenn eru jafnan háðir veðurskilyrðum við æfingar og keppni utanhúss, og þótt íþróttasvæði séu undir þaki er engin trygging fyrir að þau séu laus við bleytu og leka. Þannig getur eðlilegur loftraki t.d. þést á gleri í gluggum og loftum og leitað niður á gólf. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að íþróttaaðstaðan í Baldurshaga hafi verið haldin þeim annmörkum vegna þakleka að óverjandi sé að láta íþróttamönnum hana í té til æfinga eða keppni. Fyrirsvarsmenn íþróttafélaganna hafa þegið að nota þessa aðstöðu vitandi um annmarkana, og íþróttamennirnir verða að laga sig að þeim aðstæðum sem þar eru, enda verður ekki talið að hægt sé að bæta úr því sem áfátt er öðruvísi en að leggja í mjög mikinn kostnað sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að borgaryfirvöld leggi í að viðlagðri skaðabótaskyldu gagnvart íþróttamönnum ef illa fer. Telja verður með öllu ósannað að umsjónarmaður hússins hafi brugðist öðruvísi við en venja var til og ætlast mátti til af honum þegar hann varð bleytunnar var. Félagar stefnanda urðu báðir varir við bleytuna og það hefði stefnandi einnig átt að gera. Álitaefni er hvort stefndi hefði ekki átt að sjá til að greinileg skilti væru uppi í salnum um þá hættu sem stafaði af þaklekanum, en að því er stefnanda snertir verður ekki talið að hugsanleg vanræksla í því efni skipti máli þar sem hann var þaukunnugur öllum aðstæðum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að slys stefnanda verði rakið til annars en vangæslu hans sjálfs eða óhappatilviljunar og þykir því verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi kveður útlagðan málskostnað sinn nema kr. 11.634,00 og er sú tala ágreiningslaus. Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr rikissjóði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Elíasar Rúnars Sveinssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, þ.m.t. gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Arnmundar Backman hrl., kr. 150.000,00, greiðist úr rikissjóði.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 216/1987. **Sýslusjóður Mýrasýslu**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

**Óðni Sigbórssyni**

**og gagnsök**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Bætur. Matsgerð. Gerðardómur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara að kröfur gagnáfrýjanda verði færðar niður til verulegra muna. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar.

Hann gerir þessar dómkröfur:

„1.1. *Aðallega* að aðaláfrýjandi Sýslusjóður Mýrasýslu verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.129.968,- með 5% ársvöxtum af kr. 244.526,- frá 1. desember 1982 til 1. desember 1983, en af kr. 499.391,- frá þeim degi til 1. desember 1984, en af kr. 811.650,- frá þeim degi til 1. desember 1985, en af kr. 1.129.968,- frá þeim degi til dómtökudags í héraði 8. desember 1986, en með